

# 368. fundur Skólanefndar FS

## 15. maí 2024



**Mættir:** Bjarni Páll Tryggvason, Einar Jón Pálsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Guðlaug María Lewis áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan við lok annar.
  2. Viðbygging, staða mála.
  3. Önnur mál.

### 1. Staðan við lok annar.

Skólameistari sagði frá stöðunni við lok vorannar. Útskrift verður föstudaginn 24. maí og bauð skólameistari nefndarfólki á útskriftina. Um 120 nemendur munu útskriftast. Innritun fyrir haustönn er í gangi en þar hafa 150 nýnemar þegar innritast og um 40 nemendur koma frá Keili. Umsóknir frá eldri nemendum eru um 60. Búið er að ráða kennara til að halda utan um einka- og styrktarþjálfunarbraut, kennara í tölvuleikjagerð, tvo kennara í viðskiptagreinum og tvo sérkennara. Búið er að auglýsa fleiri stöður.

### 2. Viðbygging, staða mála.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi fyrirhugaða viðbyggingu. Nú er verið að skoða níundu tillöguna frá Framkvæmdasýslu ríkisins en þar er gert ráð fyrir viðbyggingu á einni hæð. Enn er von á fleiri tillögum. Málið rætt og nefndarmenn töldu að tillögur sem liggja fyrir mæti ekki þörfum skólans og séu ekki hagkvæmar. Formanni og skólameistara falið að hafa samband við forsvarsmenn sveitarfélaganna og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum til að ræða næstu skref í málinu og óska eftir fundi með ráðuneyti.

### 3. Önnur mál.


a) Spurt um nám í fótaaðgerðafræði sem hefur verið hjá Keili. Skólameistari sagði að það yrði hjá Keili fram að áramótum en ekkert hefur verið ákveðið um framhaldið og engin svör hafa fengist hjá ráðuneyti. Skólinn væri tilbúinn að taka við þessu námi ef til þess kæmi.


b) Spurt um skiptingu nýnema í bekki á 1. ári og hvernig það hafi gengið. Skólameistari sagði að það hafi gengið vel en næsta vetur verða bekkir aðeins á haustönn en nemendur skiptast í mismunandi áfanga á vorönninni.

*Handwritten signatures and initials in blue ink:*  
GILW  
GU.  
KATÖN  
HFB  
EJP  
BT  
HMF  
RANG  
HHS

- c) Spurt um kynningu á verknámi fyrir nemendur í vinnuskólum sveitarfélaganna. Skólameistari svaraði því til að ekkert erindi hefur borist um það.
- d) Spurt um Fab Lab Suðurnes og hvernig það hefur gengið. Skólameistari sagði það hafa farið vel af stað. Forstöðumaður hefur farið með kynningu í grunnskólanna og á fleiri staði.
- e) Skólameistari sagði að starfsemi nemendafélagsins hafi gengið vel í vetur og samskipti við forsvarsmenn þess verið góð. Þá hefur foreldrafélagið staðið vel við bakið á félaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Bjarni Páll Tryggvason, formaður

  
Einar Jón Pálsson

  
Helga María Finnbjörnsdóttir

  
Gunnar Valdimarsson

  
Kristján Ásmundsson, skólameistari

  
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

  
Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

  
Guðlaug María Lewis

  
Guðmann Kristþórsson, fundarritari